

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 499/2004

2011/EES/59/40

frá 17. mars 2004

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1082/2003 að því er varðar tímamörk og fyrirmynd að skýrslugjöf í nautgripageiranum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 ⁽¹⁾, einkum d-lið 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1082/2003 er kveðið á um nákvæmar reglur vegna framkvæmdar á reglugerð (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar lágmarkseftirlit sem skal fara fram í tengslum við kerfið fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa.
- 2) Frestur til að skila inn skýrslu um árlegt eftirlit samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1082/2003 skal lagaður að fresti til skila skýrslum vegna árlegra framlaga samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2419/2001 frá 11. desember 2001 um nákvæmar reglur um beitingu samþætts stjórnunar- og eftirlitskerfis fyrir tiltekin aðstoðarkerfi Bandalagsins sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3508/92 ⁽²⁾.
- 3) Í því skyni að tryggja skilvirkt samstarf milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar varðandi

afhendingu á niðurstöðum eftirlits með nautgripageiranum til framkvæmdastjórnarinnar, innan ramma árlegra skýrslna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1082/2003, er mikilvægt að bæta núverandi fyrirmynd að sendingu þessara skýrslna í því skyni að auka upplýsingagildi og sambærileika þeirra.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1082/2003 til samræms við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um Þróunar- og ábyrgðarsjóð evrópsks landbúnaðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1082/2003 er breytt sem hér segir:

1. Í 1. mgr. 5. gr. komi dagsetningin „31. ágúst“ í stað „1. júlí“.
2. Í stað I. viðauka komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 80, 18.3.2004, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 28.5.2009, p. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 327, 12.12.2001, bls. 11, Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 118/2004 (Stjtið. ESB L 17, 24.1.2004, bls. 7).

VIÐAUKI

I. VIÐAUKI

Skýrsla um niðurstöður eftirlits sem fram fór í nautgripageiranum í sambandi við ákvæði Bandalagsins um auðkenningu og skráningu

1. Almennar upplýsingar um dýr og skoðanir

Heildarfjöldi bújarða ⁽¹⁾ sem skráðar voru á yfirráðasvæði aðildarríkisins í upphafi skýrslu-/skoðunartímabils	
Heildarfjöldi bújarða sem voru skoðaðar	
Heildarfjöldi skoðana	
Heildarfjöldi nautgripa sem skráður var í upphafi skýrslu-/skoðunartímabilsins	
Heildarfjöldi nautgripa á bújörðum sem voru skoðaðar	
⁽¹⁾ Eins og skilgreint er í öðrum undirlið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000.	

2. Brot, sem uppvíst varð um, eftir flokkum

	Sýkt dýr:	Bújarðir þar sem sýking hefur greinst
1. Vanefndir á auðkenningu dýra		
2. Misræmi í skrá bújarðar		
3. Vanefndir á tilkynningum um fæðingu, dauða eða flutninga		
4. Frávik í vegabréfum ⁽²⁾		
5. Dýr/bújarðir þar sem aðeins er um að ræða 1 brot eins og skráð er í 1.- 4. lið		
6. Dýr/bújarðir þar sem um er að ræða fleiri en 1 brot eins og skráð er í 1.- 4. lið		
7. Samtals dýr/bújarðir þar sem um er að ræða brot (5. og 6. liður)		
⁽²⁾ Gildir ekki í aðildarríkjum sem hafa tekið þá ákvörðun að eingöngu eigi að gefa út vegabréf fyrir dýr sem ætluð eru til viðskipta innan Bandalagsins í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000.		

3. Viðurlög sem beitt er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 494/98⁽³⁾,

	Sýkt dýr:	Sýktar bújarðir
1. Takmarkanir á flutningum á einstökum nautgripum		
2. Takmarkanir á flutningum á öllum nautgripum á bújörðinni		
3. Förgun dýra		
Alls		
⁽³⁾ Stj.útl. EB L 60, 28.2.1998, bls. 78.“		